

Nd.

## 210. Frumvarp til laga

[110. mál]

um raforkulánadeild Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

### 1. gr.

Stofna skal við Búnaðarbanka Íslands deild, sem hefur það sérstaka verkefni að veita lán fyrir heimtaugargjöldum til þeirra bænda, sem fá rafmagn hjá rafmagnsveitum ríkisins. Deildin skal heita raforkulánadeild Búnaðarbanka Íslands.

### 2. gr.

Stofnfé deildarinnar skal vera kr. 5 000 000.00 og greiðast af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 fyrir lok aprílmánaðar 1952.

### 3. gr.

Lánin skulu veitt til 15 ára gegn tryggingum, sem stjórn Búnaðarbanka Íslands tekur gildar. Vextir skulu vera 3½%.

### 4. gr.

Leggja skal árlega í varasjóð ½% af útistandandi fé deildarinnar.

### 5. gr.

Búnaðarbankinn annast reikningshald, útlán og fjárreiður deildarinnar fyrir þóknun, sem ekki má fara yfir ½% árlega af útistandandi fé deildarinnar.

### 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frumvarp um þetta efni hefur áður verið flutt á Alþingi, en náði ekki fram að ganga. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta er flutt vegna þess, að eins og nú er ástatt telur engin lánsstofnun sér skylt að veita lán fyrir heimtaugargjöldum. Hafa því margir bændur, sem fengið hafa rafmagn leitt til sín, orðið að taka vixillán með milligöngu hreppsfélaga eða sýslufélaga. Hefur þetta valdið miklum erfiðleikum og kostnaði, sem vont er að búa undir. Rafmagnsheimtaugargjöld eru mjög há, þegar miðað er við, að ¼ kostnaðar rafmagnsveitnanna greiðist af notendum. Mun láta nærri, að sá hluti sé til jafnaðar 6 þúsund kr. á býli. Við það bætist innlagningarkostnaður í íbúðarhús og peningshús, auk rafmagnstækja. Má því fullyrða, að heildarkostnaður við það að fá rafmagnið verði 12—15 þúsund kr. til jafnaðar á býli. Aðeins fáir bændur geta bætt slíkum bagga við hin venjulegu útgjöld án þess að taka lán.

Verði raforkulánadeild stofnuð við Búnaðarbankann, eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir, má fullyrða, að bætt verður úr þeim vandræðum, sem margir eru nú í vegna þess, að þeir hafa ekki fengið hentugt lánsfé til þess að greiða með heimtaugargjöldin, og einnig má ætla, að deildin með 5 millj. kr. stofnfé geti fullnægt brýnustu þörfum að þessu leyti í næstu framtíð.

Með frumvarpinu er ekki lagt til, að deildin fái árlegar tekjur frá ríkinu. Þykir ekki ástæða til þess að svo stöddu, enda eðlilegra, að tekjuöflun fyrir deildina verði athuguð síðar, eftir að reynsla er fengin fyrir því, að hve miklu leyti stofnféð nægir.

Gert er ráð fyrir, að lánin verði veitt til 15 ára með 3½% vöxtum. Eftir að höfuðstóll deildarinnar hefur verið lánaður út, verða árlegar nettótekjur hennar eigi að síður 500 þús. kr., þar af afborgun 7.5% af stofnfénu og svo vaxtatekjur.

Nægilegt þykir að leggja í varasjóð árlega ½% af útistandandi fé deildarinnar. Búnaðarbankinn mun sjá um rekstur deildarinnar fyrir væga þóknun, eins og 5. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir.

Síðan raforkulögin komu til framkvæmda hafa rafmagnsveitur verið lagðar um ýmsar sveitir þessa lands. Hafa slíkar framkvæmdir vakið sóknarhug og aukinn framkvæmdavilja í sveitunum. Er enginn vafi á því, að rafmagnsframkvæmdir í sveitunum eru mjög þýðingarmiklar fyrir framtíð þeirra og velgengni. Það má því ekki eiga sér stað, að nú komi kyrrstaða á þessu sviði, í stað athafna. Enda þótt tímarnir verði erfiðir og meira þurfi að sér að leggja en áður, verður að halda þeim framkvæmdum áfram, sem sízt verður án verið.“